

# Jarðfræðafélag Íslands

## Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2022

<https://doi.org/10.33799/jokull2022.72.117o>

Á fyrri hluta starfsársins störfuðu í stjórn félagsins Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Ásta Rut Hjartardóttir (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Ingvar Atli Sigurðsson (ritari), Halldór Geirsson, Bjarni Gautason og Michelle Maree Parks (meðstjórnendur).

Á aðalfundi þann 17. maí gekk úr stjórn Ingvar Atli Sigurðsson en hann hefur starfað í stjórn félagsins frá árinu 2019 og þakkar félagið honum fyrir vel unnin störf. Hans í stað gekk Hafdís Eygló Jónsdóttir í stjórnina. Eftir aðalfund voru starfandi í stjórn félagsins: Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Michelle Maree Parks (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Hafdís Eygló Jónsdóttir (ritari), Halldór Geirsson, Bjarni Gautason og Ásta Rut Hjartardóttir (meðstjórnendur).

Eftir tvö erfið ár í starfsemi félagsins vegna sóttvarnaraðgerða í þjóðfélaginu út af COVID-19 veirusjúkdómnum blómstraði starfsemi félagsins á árinu. Í dag eru um 300 manns skráðir í félagið.

Vorráðstefna félagsins var felld niður vegna Vetrarmóts norrænna jarðfræðinga. Venju samkvæmt eru vetrarmótin haldin í byrjun janúar en vegna vaxandi fjöldasmita og hertra sóttvarnaraðgerða í lok árs 2021 var ákveðið að fresta mótinu fram í maí. Mótið var loks haldið í húsakynnum Háskóla Íslands í Reykjavík 11–13. maí, eftir rúmlega tveggja ára undirbúning.

Mótið tókst vel og var gerður góður rómur að skipulagningu og framkvæmd þess. Alls voru skráðir þátttakendur um 360 sem gerir það að lang stærsta vetrarmótinu sem haldið hefur verið hér á landi, á pari við stór mót á hinum Norðurlöndunum. Fjöldi ágripa var 296 þar af 53 veggspjöld og voru fimm boðsfyrirlestrar. Þátttakendur komu frá 20 þjóðlöndum. Einn af hápunktum mótsins var afhending Norrænu jarðfræðaverðlaunanna (Nordic Geoscientist Award). Öllum félögum í jarðfræðafélögum Norðurlandanna er

frjálst að tilnefna til þessara verðlauna, einstakling sem hefur skarað fram úr, ekki bara í sinni fræðigrein heldur einnig verið ötull að fræða almenning. Að þessu sinni var prófessor Ólafur Ingólfsson valinn úr mjög svo frambærilegum hópi tilnefndra vísindamanna. Ólafur fékk áritað skjal og verðlaunagrip sem hannaður var af Önnu Líndal listakonu.

Fyrir mótið var boðið upp á skoðunarferð um Reykjanesið og að gosstöðvunum í Geldingadal, um 120 manns sem skráðu sig í þá ferð. Eftir ráðstefnuna var boðið upp á dagsferð um neðri hluta Borgarfjarðar og þriggja daga ferð um Suðurland. Ferðirnar tókust mjög vel og lék veðrið við þátttakendur.

Haustráðstefna félagsins sem var haldin 18. nóvember í Grósku, var með nokkuð óhefðbundnu sniði. Að þessu sinni var ákveðið að bjóða öðrum fagfélögum að taka þátt og á endanum komu fjögur önnur fagfélög að henni; Jarðtæknifélag Íslands, Jarðgangafélag Íslands, Steinsteypufélag Íslands og ISCOLD. Yfirskrift ráðstefnunnar var Mannvirkjajarðfræði. Yfir 120 manns skráðu sig á ráðstefnuna. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands opnaði ráðstefnuna og í kjölfarið voru flutt 21 stórfróðleg erindi:

Eftirfarandi erindi voru flutt:

*Freyr Pálsson*, Vegagerðinni. Áskoranir við jarðgangagerð í gegnum Reynisfjall.

*Ögmundur Erlendsson*, ÍSOR. Notagildi holusjármynda og þrívíddarlíkana í jarðgangagerð.

*Andri Jón Sigurbjörnsson*, Steypustöðinni. Notkun og áhrif mismunandi steinefna í fersksteypu.

*Aldís Ingimarsdóttir*, Háskólanum í Reykjavík. Jarðtækni í mannvirkjagerð.

*Ágúst Guðmundsson*, fyrrum Jarðfræðistofunni ehf. Fáskrúðsfjarðargöng, jarðfræðilegar aðstæður og framvinda gangagerðar.

*Daði Þorbjörnsson*, ÍSOR. Vatnafarskort vestan Elliðaár.

*Berglind Pétursdóttir*, Háskóla Íslands. Sjávarstöðubreytingar umhverfis Ísland; framlag ísbreiðanna og íslenskra jökla.

*Benedikt Óskar Steingrímsson*, Mannviti. Hlutverk mannvirkjajarðfræðings í jarðgangagerð.

*Hörn Hrafnisdóttir*, Verkís. Notkun hraunflæðisherma í vinnu sérfræðihóps um varnir mikilvægra innviða.

*Sigurjón Jónsson*, King Abdullah University of Science and Technology (KAUST). Country-wide InSAR mapping of Iceland shows widespread slope movements.

*Þorsteinn Sæmundsson*, Háskóla Íslands. Aflögun á og við vegstæði Siglufjarðarvegur um Almennina.

*Guðrún Eva Jóhannsdóttir*, Mannviti. Jarðfræðingur á prófunarstofu - efnisprófanir í mannvirkjagerð.

*Matthías Loftsson*, Mannviti. Fjarðarheiðargöng – jarðfræði á gangaleið.

*Davíð Egilson*, Leki úr Krókslóni við Sigöldu í gegnum tíðina.

*Andri Gunnarsson*, EFLU. Burðarþol stauraundirstaðna og staurar á Eskifirði.

*Sigurður Sigurðarson*, Vegagerðinni. Víkurfjara, sandurinn og sjóvarnir.

*Vincent Drouin*, Veðurstofunni og ÍSOR. Measuring the deformation of the Vaðlaheiði mountain following the drilling of the tunnel using SAR satellites interferometry.

*Jón Haukur Steingrímsson*, EFLU. Skriðuföll í Seyðisfirði í desember 2020.

*Paul Slangen*, Landsvirkjun. Ástand Kárahnjúkastíflu.

*Børge Johannes Wigum*, Hornsteinn/Heidelberg Materials. Fín malað móberg í sement til að lækka kolefnisfótspor Evrópu.

*Ármann Höskuldsson*, Háskóla Íslands. Að verja innviði. Undirbúningur er lykill að öflugum viðbragði til lágmörkunar á röskun samfélags í upphafi nýrra Reykjaneselda.

Eftirfarandi nefndir störfuðu á vegum félagsins.

*Jökull* – fulltrúi félagsins í ritstjórn Jökuls: Gréta Björk Kristjánsdóttir. Í ritnefnd, Karl Grönvold og Kristján Sæmundsson.

*Sigurðarsjóður* – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Freysteinn Sigmundsson og Kristín S. Vogfjörð.

*Sigurðarmedalía* – Olgeir Sigmarsson (formaður), Ármann Höskuldsson og Þorsteinn Sæmundsson.

*Orðanefnd* – Haukur Jóhannesson (formaður), Steinþór Níelsson og Ívar Örn Benediktsson.

*Síðanefnd* – Ívar Örn Benediktsson (formaður), Daði Þorbjörnsson og Kristín S. Vogfjörð.

*Löggildingarnefnd* – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Sigmundur Einarsson og Páll Halldórsson.

*IUGS* (International Union of Geological Sciences, nefnd skipuð af umhverfisráðherra) – Þorsteinn Sæmundsson situr í stjórn fyrir hönd JFÍ.